

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Velferðarnefnd

**Efni:** Endurskoðun reglna um stuðning við börn og fjölskyldur

**Dags:** 4. janúar 2023

**Málsnúmer:** 202006527/10.0

**Sendandi:** Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri velferðarsviðs

### Forsaga:

Reglur Mosfellsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra voru lagðar fyrir fjölskyldunefnd til samþykktar á 307. fundi nefndarinnar þann 18. maí 2021. Nefndin samþykkti reglurnar en bókaði jafnframt að í lok árs 2022 skyldi fara fram endurskoðun á reglunum með tilliti til reynslu af notkun þeirra á tímabilinu.

### Greinargerð:

Reglurnar sem um ræðir snúa að þjónustu við foreldra eða forsjáraðila vegna uppeldis barna þeirra sem og þjónustu við börn sem þurfa aðstoð vegna fötlunar, skerðinga, langvinnra veikinda og/eða félagslegra aðstæðna og er reglunum skipt upp eftir því hvort er um að ræða þjónustu til fatlaðra barna og fjölskyldna eða barna sem eru ekki fötluð.

Reglurnar voru nýmæli að því leyti að þær heimiluðu þjónustu til handa börnum og foreldrum sem þurfa aðstoð vegna félagslegra aðstæðna út frá lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fyrir tilkomu þessara reglna var eingöngu heimilt að veita einstaklingsstuðning eða stuðningsfjölskyldur til handa fötluðum börnum og er sú þjónusta áfram vel nýtt eins og var fyrir gildistöku þessara reglna.

Varðandi þau börn sem fá þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga hafa nú frá gildistöku reglnanna 14 börn nýtt sér þjónustu í formi einstaklingsstuðnings, flest með 10-20 tíma á mánuði. Að auki hafa 9 börn nýtt sér stuðningsfjölskyldur og flest þeirra nýtt sér það í formi helgardvala í Vinasetri.

Það er mat starfsmanna velferðarsviðs að reglurnar hafa verið góður stuðningur við starfsmenn sviðsins í starfi og gefið möguleika á nýrri og bættri þjónustu við börn og fjölskyldur í Mosfellsbæ. Ekkert hefur komið upp mál á þessum tíma sem gefur tilefni til þess að breyta eða endurskoða reglurnar. Þó skal bent á, eins og með aðrar reglur velferðarsviðs sem settar hafa verið fyrir haustið 2022, að breyta þarf nafni fjölskyldusviðs í velferðarsvið og nafni fjölskyldunefndar í velferðarnefndar og er lagt til að það verði gert samræmt yfir allar reglur sviðsins.

*Virðingarfyllt,  
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

### Fylgiskjöl:

- Reglur Mosfellsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- Minnisblað með reglum, dagsett 18. maí 2021.